



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Klaustur á Íslandi

Sjúkrahús eða vistheimili á miðöldum?

Ritgerð til B.A.-prófs

Kristel Björk Þórisdóttir

Maí 2010

Háskóli Íslands
Sagnfræði- og heimspekideild
Sagnfræði

Klaustur á Íslandi

Sjúkrahús eða vistheimili á miðöldum?

Ritgerð til B.A.-prófs

Kristel Björk Þórisdóttir

Kt.: 240284-2869

Leiðbeinandi: Helgi Þorláksson

Maí 2010

Ágrip

Í þessari ritgerð er athugað hvort lækningastarfsemi í klaustrum á Íslandi á miðöldum hafi verið meira í anda vistheimila en sjúkrahúsa. Skriðuklaustur í Fljótsdal er meginviðmiðun vegna nýlegra rannsókna sem benda til þess að þar hafi verið rekinn spítali með markvissa lækningastarfsemi. Til samanburðar er rýnt í lækningastarfsemi klaustra annars staðar á Norðurlöndunum og athugað hvort einhver líkindi séu á milli þeirra og íslensku klaustranna. Klaustur á Íslandi eru borin saman við Skriðuklaustur og þá helst Viðeyjar- og Kirkjubæjarklaustur, þar sem hafa farið fram fornleifarannsóknir og er kannað hvaða heimildir eru til um lækningastarfsemi á íslenskum klaustrum. Stutt umfjöllun er einnig um presta- og holdsveikraspítala til samanburðar.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Skriðuklaustur sem líkleg lækningastofnun á miðöldum	5
2.1 Rannsóknir á Skriðuklaustri	5
2.2 Jarðeignir Skriðuklausturs	7
2.3 Hvers konar <i>hospital</i> var á Skriðuklaustri?.....	9
3. Erlendar hliðstæður.....	12
3.1 Fyrirmyndir	12
3.2 Klausturleifar á öðrum Norðurlöndum	13
3.3 Klausturleifar á Íslandi	14
3.4 Lækningar í klastrum annars staðar á Norðurlöndum	15
3.5. Lækningastarfsemi í öðrum klastrum á Íslandi	18
3.5.1. Benediktsklaustrin	18
3.5.2. Ágústínusarklaustrin.....	20
4. Presta- og holdsveikraspítalar á Íslandi.....	22
4.1 Elliheimili á 14. öld	22
4.2 Hæli fyrir holdsveika.....	23
5. Niðurstöður	24
Heimildaskrá	27

1. Inngangur

Klaustur á Íslandi voru mikilvæg fyrir samfélagið á miðöldum. Þar stunduðu munkar og nunnur iðju sína sem fólst m.a. í bænahaldi, bókagerð og kennslu. Í kapólskum sið voru níu klaustur starfrækt á Íslandi í lengri tíma. Tvö voru fyrir nunnur og sjö fyrir munkka. Fjögur þeirra störfuðu eftir reglu Benedikts af Núrsíu (um 480-547) en þau voru Þingeyraklaustur í Húnavatnssýslu (stundum talið stofnað 1112 en var starfrækt ekki seinna en frá 1133 og mun eðlilegast að miða við það ár sem stofnár¹), Munkaþverárklaustur í Eyjafirði (st. 1155), Kirkjubæjarklaustur í Skaftafellssýslu (st. 1186) og Reynistaðarklaustur í Skagafirði (st. 1295), en þau tvö síðastnefndu voru nunnuklaustur. Hin fimm byggðu hins vegar á reglu Ágústínusar kirkjuföður (354 – 430) en þau voru Þykkvabæjarklaustur í Álftaveri (st. 1168), Helgafellsklaustur við Breiðafjörð (st. í Flatey 1172), Viðeyjarklaustur (st. 1226), Möðruvallaklaustur (st. 1296) og Skriðuklaustur (st. 1493).

Munur var á klausturreglum ágústína og benediktína en lítill munur virðist samt vera á klaustrunum eftir því hvorri reglunni þau fylgdu. Þau voru flest lokuð og innhverf bænasetur. Benediktsreglan var munkaregla þar sem þeir sem gengu henni á hönd, lokuðu sig frá heiminum og lifðu eftir það einir með Guði. Ábóti stjórnaði klaustrinu sem munkarnir kusu til lífstíðar og var hann staðgengill Krists í klaustrinu. Stjórnandi ágústínaklausturs átti hins vegar að vera fremstur meðal jafninga og var kallaður príor en ekki ábóti. Príorar gátu mótað klausturstarfið og þar af leiðandi gátu ágústínaklaustur verið mjög mismunandi.² Bræður af ágústínareglu urðu að vera prestlærðir, en slíkt þurfti ekki að vera í öðrum reglum. Einnig mætti segja að þeir væru tengdari við umheiminn en benediktínar. Ágústínabræður voru nefndir kanokar eða kanúkar og talað er um kanokasetur. Hér verður jafnan notað samheitið munkar fyrir báðar reglur. Ábótar eða príorar höfðu tvö hlutverk út á við, í fyrsta lagi að afla jarðeignar fyrir klaustrið og bæta veraldlega hagsmuni fyrir klaustrið en í öðru lagi að taka þátt í kirkjustjórn og dómum.³

¹ Gunnar Karlsson, „Stofnár Þingeyraklausturs“, bls. 159-67.

² Gunnar F. Guðmundsson, *Kirkjan í landinu*, bls. 212-214.

³ Hermann Pálsson, *Helgafell*, bls. 120-126.

Samkvæmt reglum klaustranna kom skýrt fram að þau ættu að opna dyr sínar fyrir öllum sem þangað leituðu og hugsa um þá. Fólk gat einnig borgað sig inn með því að gefa jarðir til klaustranna og þannig tryggt sér þá umhyggju sem það sóttist eftir. Próventubríf vitna um þetta en þau hafa varðveist frá allmörgum klaustrum á Íslandi. Einnig gat efnafólk keypt sér legstað eða látið munka og nunnur syngja fyrir sig eða ættingja sína sálumessur þannig að það fengi góðar móttökur þegar það skildi við. Andlegur stuðningur klaustranna var því mikilvægur og ef til vill hinn líkamlegi líka, þar sem var lækningageta klausturbúa.

Undanfarin ár hefur sviðsljósið beinst að hlutverki klaustranna sem lækningastofnana. Nýlegar rannsóknir á Skriðuklaustri í Fljótsdal hafa leitt í ljós að hugsanlegt sé að sjúkir og sárir hafi fengið þar umönnun með handlækningum og lyfjum. Beinagrindur sem þarna hafa fundist bera merki margs konar sjúkdóma og frjókornagreiningar sýna fram á ræktun plantna sem notaðar voru í lækningaskyni á miðöldum. Fyrri rannsóknir varpa ljósi á starfsemi klaustranna og þær benda til að einhvers konar umönnun eða hjúkrun hafi farið fram á miðöldum í klaustrum. Jón Ólafur Ísberg telur að spítalar fyrri alda hafi verið afdrep fyrir sjúka og slasaða en minni áhersla hafi verið lögð á að lækna hina sjúku. Umhyggja fyrir fátækum og sjúkum er hluti af kristinni trú, þetta var hluti af kristilegu kærleiksverki. Spítalar miðalda urðu þar af leiðandi hluti af stofnunum kirkjunnar og sjúkdómar urðu viðfangsefni munka og nunna.⁴

Vilmundur Jónsson, landlæknir, skrifaði um upphaf spítala á Íslandi og nefnir að spítalar eða *hospitöl* hafi verið vistheimili fyrir farlama fólk og vegalausa öryrkja en voru ekki stofnanir þar sem lækningastarfsemi fór fram.⁵ Vilmundur nefnir ekki klaustrin eða hvort þau hafi verið vistheimili eða lækningastofnanir. Í þessu samhengi verða prestaspítalarnir tveir á 14. öld skoðaðir og holdsveikraspítalar en þeir voru starfræktir héraendis frá 17. öld og síðar en hvort þar fór fram markviss lækningastarfsemi er óvíst og raunar ólíklegt. Við lok 19. aldar var reist fullkomið sjúkrahús fyrir holdsveika í Lauganesi við Reykjavík.

Anna Sigurðardóttir tekur fram í bók sinni *Allt hafði annan róm áður í páfadóm* að þekking á lækningajurtum og aðferðir við að gera úr þeim lyf og smyrsl hafi eflaust

⁴ Jón Ólafur Ísberg, *Lækningar, spítalar og klaustur*, bls. 124-125.

⁵ Vilmundur Jónsson, *Lækningar og saga*, bls. 187.

borist til Íslands að einhverju marki. Nefnir hún að sjúkrahús hafi verið víða erlendis við nunnuklaustur en hún minnst annars ekki á handlækningar eða aðra lækningastarfsemi í klaustrum hérlendis.⁶

Þorkell Jóhannesson og Óttar Kjartansson skrifuðu grein þar sem þeir bera saman Þykkvabæjarklaustur við Æbelholt klaustrið í Danmörku. Þar kemur fram að í Æbelholt klaustrinu hafi verið spítali ætlaður kanokum og að notaðar hafi verið lækningajurtir og ýmis lækningaverkfæri til að sinna þeim. Þeir áætla því að þarna hafi verið eins konar lækningamiðstöð og að möguleiki sé að Þykkvabæjarklaustur hafi þjónað sams konar hlutverki.⁷ Erfitt getur verið að sannreyna það, þar sem nær öll skjöl um klaustrið hafa glatast og enginn fornleifauppgröftur hefur farið fram á svæðinu.

Í þessari ritgerð er leitast við að gera samanburð á Skriðuklaustri við hin íslensku klaustrin en það getur verið erfitt þar sem aðeins er búið að rannsaka þrjú þeirra með fornleifauppgræfti, en hin tvö eru Viðeyjar- og Kirkjubæjarklaustur. Þar er uppgröftur takmarkaður og ritheimildir eru einnig rýrar. Af þessum þremur klaustrum hefur rannsóknin á Skriðuklaustri verið mest í umræðunni og 7. apríl 2010 hlaut hún hæsta styrkinn úr Fornleifasjóði, eða 3.5 milljónir sem sýnir hversu mikilvægt starf telst vera unnið þar.

Vegna þessa skorts á heimildum um klaustrin verður gerður samanburður við klaustur á Norðurlöndum en hann getur verið gagnlegur þar sem starfsemi þeirra gæti hafa verið lík þeirri sem var á Íslandi. Rannsóknir þar sýna að þarna voru lækningar stundaðar og til þess voru sérstök sjúkrarými á klaustrunum en nýjasta áfangaskýrslan við uppgröftinn á Skriðu bendir til að þar hafi verið stórt rými sem gæti hafa verið sjúkrasalur.

Í ritgerðinni verður notast við upplýsingar frá uppgræftinum á Skriðu en einnig frá Viðeyjar- og Kirkjubæjarklaustri, enn fremur vitneskja frá öðrum klaustrum, m.a. sú sem kemur fram í próventubrífum og skrif annarra fræðimanna um efnið. Rannsóknir sem hafa verið gerðar á Skriðuklaustri vekja þá spurningu hvort Skriðuklaustur hafi verið sjúkrahús í nútímamerkingu. Orðið *hospital* eða *spítali* hefur verið notað í tengslum við þetta en það getur merkt tvo ólíka hluti. Samkvæmt *Íslenskri orðabók* getur *spítali* annars vegar verið vistheimili fyrir sjúklinga og öryrkja, samkvæmt gamalli

⁶ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm*, bls. 254.

⁷ Þorkell Jóhannesson, Óttar Kjartansson, „Hugað að klaustrinu“, bls. 17.

merkingu og hins vegar verið sjúkrahús þar sem sjúkir menn fá lækni meðferð og hjúkrun. Það skiptir máli hvor merkingin hæfir klastrum og kannski hæfa báðar? Voru þau t.d. einungis vistheimili þar sem lágmarksumhyggja fór fram eða lögðu munkar og nunnur sig líka fram um að lækna sjúka af alls kyns sjúkdómum og áverkum?

2.

Skriðuklaustur sem líkleg lækningastofnun á miðöldum

2.1 Rannsóknir á Skriðuklaustri

Fornleifauppgröftur á rústum Skriðuklausturs í Fljótsdal hefur staðið yfir frá sumri 2002. En hvaða upplýsingar hafa komið þarna fram á síðustu átta árum? Hvað bendir til þess að þarna hafi verið starfrækt lækningastofnun? Með uppgreftinum hefur tekist að afla mikilvægra gagna sem varpa ljósi á hlutverk og starfsemi klaustursins. Markmið verkefnisins er að rannsaka hvort klaustrið sé líkt eða ólíkt öðrum samtíða kaþólskum klastrum í Evrópu. Verkefnisstjóri er Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur og hefur hún í krafti rannsókna sinna haldið því fram að Skriðuklaustur hafi verið *hospital* í þeirri merkingu að þar hafi verið stundaðar lyf- og handlækningar.

Á miðöldum var læknislist aðgreind í lyflækningar og handlækningar en í lyflækningum þurfti viðkomandi læknir að hafa mikla þekkingu á grösom og jurtum sem voru græðandi á einn eða annan hátt. Handlækningar voru krefjandi og starfssvið handlækna var m.a. blóðtaka, vilsuveita, brennsla, tannúrdráttur og sáralækningar en þeim var skipt í þrjá flokka: að gera að sárum, skera í kýli og aflima. Læknislist miðalda var fræði fárra útvalinna manna sem bjuggu yfir mikilli þekkingu og nutu virðingar. En á miðöldum er ekki vitað til þess að stundaðar væru rannsóknir á fólki, eins og í nútímalæknisfræði. Lækningar á vegum kirkjunnar voru fyrst og fremst umhyggja fyrir sjúkum, lyflækningar, umbúnaður sára, minniháttar aðgerðir og andleg velferð.⁸

Á Skriðuklaustri hafa 157 beinagrindur komið í ljós á árabílinu 2002 til 2009. Meirihluti þessara beinagrinda, eða 117, er frá kaþólskum tíma og þar af voru 70 innan þess svæðis kirkjugarðsins sem afmarkast af klausturgarðinum. En klausturgarðurinn er

⁸ Jón Ólafur Ísberg, Lækningar, spítalar og klaustur, bls. 123.

fyrir miðju klaustursins og er myndaður af klausturhúsum og klausturkirkju. Erlendis eru slík hús oftast sambyggð á fjóra vegu umhverfis klausturgarðinn.⁹ Beinagrindurnar 70 bera einkenni langvinnra sjúkdóma, sýkinga, meðfæddra kvilla eða áverka vegna slysa. Þessi einkenni eru einkum til komin vegna t.d. sárasóttar, sulls, berkla, hörgulsjúkdóma og almennra beinbrota.¹⁰ Ekki hefur verið lokið að greina allt beinasafnið. Steinunn Kristjánsdóttir nefnir að þessi fjöldi beinagrinda, með einkenni sjúkdóma og áverka, sé ólíkur því sem jafnan gildi um mannabein úr sóknargrafreitum eða heimagrafreitum. Einnig séu hlutfallslega mörg bein fyrirbura og ungbarna í beinasafninu sem gæti bent til þess að konur í barnsnauð hafi leitað til klaustursins.¹¹ Spyrja má hvort þetta hlutfall beinagrinda sjúkra sé óvenjulegt þar sem talið er að fólk í mismunandi ásigkomulagi hafi leitað til klaustranna og mætti því kannski búast við að finna svipað hlutfall í öðrum klaustrum.

Annað atriði sem Steinunn tekur fram að geti bent til að á Skriðuklaustri hafi verið hospital, í merkingunni lækningastofnun, eru niðurstöður frjókornagreiningar.¹² Samson Bjarnar Harðarson segir að greining frjókorna frá klaustrinu sýni að garðyrkja var stunduð þar en tíu tegundir plantna hafa verið greindar sem vitað sé að nýttar voru til lækninga. Þrjár þeirra hafi verið innfluttar en það eru villilaukur (*allium*), græðisúra (*plantago major*) og brenninetla (*urtica dioica*) sem nýtt var í ýmislegt, t.d. til lækninga og til að fá trefjar í fínofinn vefnað, s.s. altarisdúka.¹³ Ekki er mikið í heimildum um tilvist græðisúru á Íslandi á miðöldum en Ingólfur Guðnason hefur rannsakað garðrækt í Skálholti á fyrri öldum. Íslendingar hafa eflaust kynnst ræktun nytjajurta erlendis eins og Ísleifur Gizursson biskup sem nam við klausturskóla á Saxlandi. Evrópsk klaustur voru á 11. öld farin að rækta garða, bæði til prýði og nytja. Þær jurtir sem ræktaðar voru í Skálholti og mögulegt er að hafi verið notaðar til lækninga voru malurt (*artemisia* sp.), garðabruða (*valeriana officinalis*) og ef til vill laukur.¹⁴ Athyglisvert er að græðisúra skuli ekki koma þarna fram þar sem Skálholt var í ágætu sambandi við umheiminn.

Beinagrindurnar, með ummerkjum sínum og frjókornagreiningin gætu bent til þess að einhvers konar lækningar eða hjúkrun hafi átt sér stað í klaustrinu. Þriðja

⁹ Kristján Mímísson, Bjarni F. Einarsson, „Ora et labora“, bls. 45.

¹⁰ Steinunn Kristjánsdóttir, „Út yfir gröf og dauða“, bls. 10.

¹¹ Steinunn Kristjánsdóttir, Fornleifauppgröftur á Skriðuklaustri, bls. 27.

¹² Sama heimild, bls. 28.

¹³ Samson Bjarnar Harðarson, Klausturgarðar á Íslandi, bls. 109.

¹⁴ Ingólfur Guðnason, Vísbendingar um garðrækt, bls. 144-146.

röksemdin fyrir þessu eru munir sem hafa fundist og þykja benda til lyfjagjafar og lækninga. Er það m.a. eitt lyfjaglas og einn lyfjabaukur úr leir. Þá fundust 18 hlutir, bíldar, hnífar og nálar og er mögulegt að þetta hafi verið notað til handlækninga.¹⁵ Bíldarnir voru tveir og nýttust við blóðtöku sem þótti góð til lækninga. Þó ber að hafa í huga að fimm sinnum á ári munu munkarnir hafa þurft að framkvæma blóðtöku hver á öðrum.¹⁶ Þeir hafa án efa notað þessi áhöld til þess, a.m.k. bíldana og nálarnar mun hafa mátt nota til að loka skurðum eftir blóðtöku.

Í nýjustu áfangaskýrslu verkefnisins kemur fram að gera má ráð fyrir að yfir 70 einstaklingar hafi leitað til klaustursins og látist af meinum sínum. Mjög erfitt er þó að greina á milli einstakra grafa frá því fyrir og eftir siðbreytingu um miðja 16. öld.¹⁷

Því er ekki hægt að segja með vissu að beinagrindurnar 70 séu allar frá starfstíma klaustursins. Hluti þeirra gæti verið yngri og þarna eru grafnir einstaklingar fram á 18. öld. Meginröksemd fyrir því að tengja beinagrindurnar 70 við lækningar á staðnum er sú að þær eru allar frá sama stað. En sjúkdómarnir sem um ræðir eru fæstir bundnir við ákveðin tímabil heldur koma fram í gegnum aldirnar og veldur því að aldursgreining getur verið erfið.

Upplýsingar frá uppgreftinum eru áhugaverðar og eru vísbendingar um að aðhlynning sjúkra og jafnvel lækningar hafi verið hluti af starfsemi klaustursins. Beinagrindur, áhöld og frjókornagreiningar geta bent til að á Skriðuklaustri hafi verið starfrækt hospital í merkingunni lækningastofnun.

2.2 Jarðeignir Skriðuklausturs

Í þessu samhengi getur verið gagnlegt að skoða heimildir um jarðeignir klaustursins. Klaustur voru starfrækt eins og elliheimili, fólk fékk þar aðhlynningu og gaf með sér, oft allmikla jarðeign. Jarðeignasöfnun klaustursins gæti því bent til að þar hafi verið starfrækt eins konar elliheimili, frekar eða ekki síður en lækningastofnun. Gegn þessu mælir strax það að 38% beinagrindanna 70 eru komnin frá fólki sem var 20 ára eða yngra. Var þá kannski gefið með ungu fólki sem var sent til aðhlynningar eða lækninga í

¹⁵ Steinunn Kristjánsdóttir, „Út yfir gróf og dauða“, bls. 12.

¹⁶ Þorkell Jóhannesson, „Hugað að klaustrinu“, bls. 17.

¹⁷ Vef. Skriðuklaustur áfangaskýrsla 2009, bls. 17.

klaustrinu? Hvenær eignaðist klaustrið flestar jarðir, hvenær var starfsemin í mestum blóma?

Klaustrið starfaði stutt, eða aðeins í rúm 60 ár, en á þessum stutta tíma náði það undir sig töluverðum eignum. Klaustrið var stofnað árið 1493 og var lokað 1554. Stofnanir eins og klaustur höfðu fyrst og fremst tekjur af jörðum sínum. Þau högnuðust á þeim með því að setja jarðir á leigu ásamt kvikfé og taka af þeim landskuldir og kúgildaleigur. Heimir Steinsson hefur gert ítarlega úttekt á jörðum Skriðuklausturs og efnahag. Þar kemur fram að heimildir frá starfstíma klaustursins eru rýrar en að ýmislegt megi ráða af jarðabókum. Klaustrið eignaðist hátt í fjóra tugi jarða og jarðaparta fram til 1525-1530 sem er mikið á stuttum tíma.¹⁸ Mesta eignasöfnun Skriðuklausturs var þannig á fyrstu 30 árunum eða svo og lauk líklega með fráfalli Þorvarðs Helgasonar (príors 1506-1530). Eftir það hægist verulega á eignasöfnun og klaustrið eignaðist aðeins eina jörð frá um 1525 og til loka starfseminnar. 37 jarðir voru í eigu klaustursins um siðaskipti og þar að auki þrjár hjáleigur.¹⁹

Forkólfar klaustursins reyndu svo einnig að safna jörðum sem voru sem næst klaustrinu og líka að festa því jarðir við sjóinn svo að þeir gætu haldið úti skipum til fiskveiða og fengið rekavið.²⁰ Eignir og tekjur hefur klaustrið annars fengið í gegnum lausafé og með gjöfum, ýmsum greiðslum í formi áheita, próventu, sálugjafa og legkaupa. Fornbréf sýna að menn hafa verið örlátir við klaustrið framan af, bæði með jörðum og lausafé.²¹ Þessi hraða eignasöfnun klaustursins gæti bent til þess að brýn þörf hafi verið á stofnun eins og klaustri í þessum landshluta. Fólk í nálægum sveitum hefur væntanlega sótt þangað andlegan stuðning eða huggun og haft von um sáluhjálp fyrir milligöngu klaustursins. Ekki er ólíklegt að það hafi einnig leitað líknar og hjúkrunar og verið til í að gjalda vel fyrir þetta. Hugsanlegt er að hluti af þessum jörðum og lausafé hafi verið sálugjafir eða borgun fyrir legstað. Voru ef til vill miklar

¹⁸ Heimir Steinsson, „Jarðir Skriðuklausturs“, bls. 92.

¹⁹ Heimir Steinsson styðst við tíu skrár yfir jarðeignir Skriðuklausturs. Þær eru eftirfarandi: I. Fornbréf sem greina frá jörðum sem klaustrið eignaðist fyrir siðaskipti. II. Máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar frá 1471-1616. Jarðir Skriðuklausturs árið 1590. III. Jarðabók frá 1592, afskrift Þjóðskjalasafns af AM Magn. Steph. 27 4to. IV. Jarðabók frá 1597, gerð af Brostrip Gedde. V. Jarðabók frá 1606, gerð af Enevold Kristjánssyni, sýslumanni Gullbringusýslu. VI. Jarðabók frá 1616, undirrituð af Herluf Daa höfuðsmanni. VII. Jarðabók frá 1633, undirrituð af Holger Rosenkrantz höfuðsmanni. VIII. Jarðabók frá 1639, undirrituð af Pros Mundt höfuðsmanni. IX. Vísitasía Brynjólfs biskups Sveinssonar frá 1641. X. Jarðatal á Íslandi, gefið út af J. Johnsen í Kaupmannahöfn 1847.

²⁰ Heimir Steinsson, „Jarðir Skriðuklausturs“, bls. 90-91.

²¹ Sama heimild, bls. 100.

vonir bundnar við klaustrið á bilinu 1493 til um 1525 en svo kann að hafa dregið úr þeim, af einhverjum ástæðum.

Ekki eru til nein próventubríf frá Skriðuklaustri en það getur verið að nokkrir einstaklingar hafi farið þangað á próventu og þurft á umönnun að halda þegar líða tók dvöl þeirra. Erfitt er að útskýra þessi snöggu skil sem verða á eignasöfnunni um 1525. Varla er hægt að tengja þau við gjafir vegna próventu eða aðhlyningar sjúkra. Ef til vill voru næstu prýorar ekki eins áhugasamir um jarðeignasöfnun eða starfsemi klaustursins hægði á sér. Um það er erfitt að segja. Jarðir og jarðeignasöfnun Skriðuklausturs gefa því litlar vísbendingar um starfsemi klaustursins sem lækningastofnunar en sýna frekar fram á hversu auðvelt það gat verið fyrir ábóta og prýora að safna eignum og lausafé til ágóða fyrir klaustrin. Vegna skorts á rituðum heimildum er ekki ljóst hvort gefið var með ungu fólki til klaustursins svo að það gæti fengið hjúkrun eða umönnun, en það er ekki ólíklegt að svo hafi verið á fyrstu 30 starfsárum þess þegar starfsemin var í mestum blóma.

2.3 Hvers konar *hospital* var á Skriðuklaustri?

Er með framangreindum upplýsingum hægt að fullyrða að á Skriðuklaustri hafi verið starfræktur spítali þar sem munkar lögðu sig fram við að lækna og hjúkra sjúkum og sárum? Eða var klaustrið vistheimili fyrir farlana fólk sem fékk þar lágmarks-umönnun? Annars staðar í Evrópu urðu til sérstök líknarheimili fyrir yfirstéttina sem gat í valdi stöðu sinnar fengið skjól og hjúkrun hjá munkunum. Fjöldmörg dæmi eru um þetta hérlendis í formi próventubrifa sem hafa varðveist frá ýmsum klaustrum. Þórir Stephensen telur að próventa hafi verið ákveðið stöðutákn á miðöldum þar sem hún var munaður sem var ekki á allra færi. Sumir gátu þó einnig boðið fram vinnu sínu og fengu þeir þannig örugga afkomu og þurftu ekki að óttast að gerast ómagar. Ekki er alltaf ljóst af hverju fólk fór á próventu en öruggt má telja að helsta ástæðan hafi verið sú að fólk var tekið að reskjast og vildi draga sig í hlé í klaustrinu. Einnig gátu ýmsar heimilisástæður, heilsuleysi eða heimiliserfiðleikar, komið við sögu.²²

Próventufólk skiptist í tvo hópa, stærstur hluti var fólk sem gaf umtalsverða fjármuni með sér en hinn hópurinn lagði minna með sér en gat tekið að sér hin ýmsu

²²Lbs.-Hbs. Þórir Stephensen, Próventa í klaustrum, bls. 22-28.

störf. Þórir telur að sá hópur gæti hafa gegnt svipuðuð hlutverki og leikbræður og leiksystur gerðu í klaustrum erlendis.²³ Þetta er ekki ólíklegt og hefur próventan því frekar verið stöðutákn heldur en t.d. fátækraframfærsla vegna þess hversu mikið þurfti að borga til að komast inn í klaustrin. Þar sem lækningar og trúarbrögð voru nátengd á miðöldum hefur það þótt sjálfsagt að próventufólkið fengi umönnun og hjúkrun þangað til það lést úr elli eða sjúkleika. Hins vegar var munur á læknisverkum unnum með guðs hjálp og kraftaverkum annars vegar og hinum sem voru unnin að tilstuðlan læknis. Kraftaverkin urðu til fyrir bænhita og áheit á dýrlinga en munkarnir höfðu þá nokkurs konar milligöngu milli sjúklingsins og guðs. Læknirinn var hins vegar verkfæri guðs og gerði eitthvað fyrir sjúklinginn sem leiddi hugsanlega til þess að hann læknaðist.²⁴

Munkarnir gátu því linað þjáningar skjólstæðinga sinna á ýmsan hátt með handlækningum og lyfjum en einnig gátu þeir með bænahaldi reynt að stuðla að líkn þeirra. Líklegt er að klaustrin á Íslandi hafi verið frekar fámenn og á Skriðuklaustri var árið 1498 aðeins einn munkur, auk Narfa próirs. Árið 1544 voru munkarnir fjórir, Ólafur, Brandur, Magnús og Þorsteinn, auk Brands próirs.²⁵ Með svo fáa munka hlýtur læknisstarfsemin að hafa verið af skornum skammti þar sem fræðilega þekkingu þurfti til að lækna þá sjúku. Það var ekki hlutverk vinnufólks, gesta eða próventufólks, að hugsa um sjúka vegfarendur. Munkarnir hafa hins vegar getað veitt þeim lágmarksumönnun sem hluta af þeirra daglegu verkum en það hefur ekki verið auðvelt. Guðrækni þeirra fól í sér að auðsýna guði lotningu með ástundun trúariðkana (tíðasöng, bænum, messuhaldi eða öðru). Þeir gerðu þetta til hins ýtrasta með reglulegum bænum og lofgjörð allt að því átta sinnum á sólarhring. Tilgangurinn með þessu var sá að bæninrar stigju upp til guðs, eins samfellt og auðið var, daga og nætur. Samhliða þessu föstuðu þeir í allt að 175 daga á ári og blóðtökur fóru fram fimm sinnum á ári.²⁶ Þrek þeirra hefur því varla verið mikið til annarra starfa en þeir vildu þóknast guði með því að gera góðverk á við það að hýsa próventufólk og vegfarendur og líkna þeim.

²³ *Lbs.-Hbs.* Þórir Stephensen, *Próventa í klaustrum*, bls. 34-35.

²⁴ Jón Ólafur Ísberg, *Læknisfræði miðalda*, bls. 128.

²⁵ Janus Jónsson, „Um klaustrin á Íslandi“, bls. 265.

²⁶ Þorkell Jóhannesson, „Hugað að klaustrinu“, bls. 16.

Verkaskipting hefur eflaust verið á klaustrinu á milli munka en þar má nefna t.d. *cellarius* sem var yfirmaður og umsjónarmaður búrs og birgða, *custos* sem gætti kirkjubúnaðarins og hringdi kirkjuklukkunum og *portarius* sem gætti útidyra og tók á móti gestum og gangandi. Gert var ráð fyrir skólahaldi og skyldi góðviljaður og gamalreyndur klerkur (*frater vitae probabitis*) vera í forstandi fyrir því. Ennfremur var gert ráð fyrir spítala (*hospitz*) eða líknarheimili fyrir fátæka, ferðamenn og pílagraíma. *Hospitalarius*, gamalreyndur og virðulegur prestur, átti að hafa umsjón með spítalanum.²⁷ Þetta er aðeins hluti af verkunum og því mikið lagt á fáar herðar munkanna á Skriðuklaustri. Mögulegt er að munkarnir hafi fengið aðstoð frá veraldlegum starfsmönnum klaustursins en að hvaða marki er óvíst. Starfsmennirnir gætu hafa aðstoðað við lágmarksumönnun en lækningar og hjúkrun krefjast lærðrar þekkingar og var hún yfirleitt á færi fárra. Þar af leiðandi er ólíklegt að munkarnir hafi látið aðra sjá um eiginlegar lækningar. Hafi þeir ekki stundað þær sjálfir hafa þeir kannski aðstoðað starfsmennina við líknarstörf og haft umsjón með þeim.

Það sem búið er að grafa upp á Skriðuklaustri bendir vissulega til þess að einhvers konar líknun hafi farið þar fram. Ummerki á beinagrindum benda til hlutfallslega margra sjúkra og áhöldin og frjókornagreiningar geta bent til lækninga. En höfundur telur að þarna hafi verið vistheimili eða líknarheimili með lágmarksumönnun fremur en eiginlegt sjúkrahús. Engar ritaðar heimildir benda til annars og einnig er mikilvægt að það virðast ekki hafa verið margir munkar þarna á klausturtímanum. Þeir voru líklega of fáir til að geta sinnt lækningum að einhverju marki með öðrum önnum. Dagleg verk þeirra voru viðamikil þar sem þeir sinntu líklega kennslu og bókagerð, auk hins mikla bænahalds. Próventufólk og vegfarandur hafa án efa leitað eftir umönnun munkanna og huggun því það var hlutverk klaustursins að veita þá þjónustu. En að þar hafi starfað sjúkrahús í þeim tilgangi að greina sjúkdóma og lækna skjólstæðinga er ólíklegt.

²⁷ Vilborg Auður Ísleifsdóttir, Samfélagshlutverk Skriðuklausturs, bls. 54.

3. Erlendar hliðstæður

3.1 Fyrirmyndir

Frekari svör við ofangreindum álitamálum er ef til vill hægt að finna með því að skoða önnur klaustur og athuga hvort þar leyntist vísbendingar sem bendi til þess að klaustrin hafi frekar verið sjúkrahús en vistheimili. Húsaskipan hefur verið nefnd í þessu sambandi, að hún geti bent til sérstakra sjúkrastofa. Fyrst ber þá að kanna klaustur erlendis að þessu leyti og bera saman við íslensk. Í öðru lagi skal svo kannað lækningastarf innan hinna erlendu klaustra og athugað hversu líklegt sé að í íslenskum klaustum hafi slík starfsemi verið tekin til fyrirmyndar. Hér verða aðallega klaustur á öðrum Norðurlöndum höfð til viðmiðunar.

Á fyrstu öldum kristinnar trúar störfuðu ýmsar klausturreglur sem ekki náðu að festa rætur en á 6. öld átti sér stað breyting og klausturregla kom fram sem átti eftir að verða allsráðandi í klausturlífi miðalda á Vesturlöndum, regla heilags Benedikts frá Núrsíu. Regla Benedikts náði mikilli útbreiðslu og var allt fram á 11. öld nær einráð í hinum kristna heimi Vesturlanda. Fleiri klausturreglur voru stofnaðar og náðu þær margar hverjar mikilli útbreiðslu.²⁸

Þegar komin var skipan á íslensku kirkjuna í byrjun 12. aldar bárust nýir evrópskir menningarstraumar til landsins. Klausturhreyfingin var stór hluti af þessari nýju menningu þar sem hún var mikilvægur þáttur í starfi kirkjunnar. Fyrsta klaustrið, Þingeyrarklaustur, var stofnað árið 1133. Mögulegt er að munkar hafi verið sóttir til meginlands Evrópu og þannig hafi þekking á starfsemi erlendra klaustra borist til klaustursins.²⁹

Þorlákur helgi Þórhallsson (1133-1193) var biskup í Skálholti frá 1178. Hann var áður prestur í Kirkjubæ á Síðu en varð árið 1168 fyrsti próiorinn í kanokasetrinu í Þykkvæ í Álftaveri. Þorlákur hafði hug á að nema erlendis og kanna siði og venjur annarra þjóða. Hann var m.a. í París þar sem Viktorsklaustrið var, mjög þekkt og rómað klaustur. Þaðan fór hann til Lincoln í Englandi og lærði af öðrum guðsmönnum en sneri

²⁸ Ingunn Lovísa Ragnarsdóttir, *Klausturlíf á Íslandi*, bls. 6-7.

²⁹ Magnús Stefánsson, *Kirkjuvald eflist*, bls. 82.

ekki aftur til Íslands fyrr en að sex árum liðnum. Þegar reisa átti kanokasetur í Þykkvabæ var Þorlákur fenginn til að veita því forstöðu. Þorlákur samþykkti það með velvilja Klængs biskups og héraðsmanna.³⁰ Þorlákur hefur að öllum líkindum haft erlendu klaustrin sem hann heimsótti sem fyrirmyndir fyrir Þykkvabæjarklaustur og viljað reka það á sama hátt.

3.2 Klausturleifar á öðrum Norðurlöndum

Á 12. öld reið yfir Evrópu mikil klausturalda og fjölgun klaustra varð gífurleg. Þetta átti einnig við um Norðurlöndin en þar voru sett á fót klaustur sem höfðu mikla þýðingu fyrir Ísland. Með því að gera samanburð á byggingarstíl klaustranna er möguleiki að rannsaka hvort að einhver líkindi séu þarna á milli. Af klausturhúsunum á Skriðu sjást nú aðeins veggtóftir og leifar af gólfinu sem fornleifafræðingar hafa grafið upp undanfarin ár en taka verður fram að einungis hluti svæðisins hefur verið grafinn upp. Þarna er um mikla húsaþyrpingu að ræða og voru mörg hús tengd saman með göngum. Klausturkirkjan hefur að litlum hluta verið grafinn upp.³¹

Í Noregi eru klausturleifar mjög illa varðveittar eða að öllu leyti horfnar. Ein undantekning er klaustrið á Útsteini við Stafangur. Þar hefur varðveist kirkjan og byggingar til suðurs og austurs. Það er talið augljóst að byggingin hafi verið í hinum staðlaða stíl með fjórum byggingum og garði í miðju en sömu uppbyggingu er að finna í öðrum varðveittum rústum í Noregi.³² Það er því mjög erfitt að bera saman rústir á Íslandi við þær í Noregi en líklegt má, af þeim upplýsingum sem liggja fyrir, telja að byggingarnar hafi verið svipaðar. Um það hefur þó verið nokkur ágreiningur.

Ágústínaklaustrið í Æbelholt fluttist frá Eskilsø 1176 og starfaði til ársins 1560. Árið 1561 var fyrirskipað að rífa niður klausturkirkjuna og á næstu 200 árum hurfu aðrar klausturbyggingar. Skipulag þess kom vel í ljós í uppgrefti sem hófst árið 1935 og lauk árið 1952. Klaustrið var reglulega ferkantað með stórri kórkirkju mót norðri og klausturgöng yfir í mikilvægustu rýmin í austur- og suðurálmunni, klausturhúsið (*kapitelsal*) og matsalinn (*refektorium*). Út fyrir suðausturhorni klaustursins hefur líklega verið lítil, tímabundin kirkjubygging og eitt hið mikilvægasta sem hefur fundist á

³⁰ *Þorláks saga byskups*, bls. 40-46.

³¹ Gunnar Bjarnason, Húsagerð í Skriðuklaustri á klausturtíma, bls. 113.

³² Lange, Bernt C., *Kloster*, Kulturhistorisk leksikon, dálkar 543-544.

svæðinu eru fjölmargar grafir með beinagrindum sem hafa svipuð einkenni sjúkdóma og áverka og fundist hafa á Skriðuklaustri.³³

Sistersíensaklaustrið í Alvastra í Austur-Svíþjóð er elsta klaustrið í landinu en klausturkirkjan var vígð árið 1191. Rústir þess hafa varðveist ágætlega en klausturbyggingarnar eru í hinu hefðbundna ferhyrningslaga formi. Það sem vekur athygli hér er að svo virðist sem að í austurátt frá klaustrinu hafi verið aðskildar byggingar fyrir gesti og sjúka.³⁴ Það var því ekki sérstök sjúkrastofa í klausturbyggingunum en þetta byggingarform átti aðallega við ríkari klaustur.

3.3 Klausturleifar á Íslandi

Vísbendingar eru um að klaustrið á Skriðu hafi verið starfrækt í sérstakri byggingu, aðskilið frá veraldlegum umsvifum á bænum, líkt og tíðkaðist í öðrum löndum Evrópu. Þær rústir sem hafa verið grafnar upp benda einnig til þess að klausturbyggingin hafi verið samsett úr samliggjandi en mismunandi stórum vistarverum sem byggðar voru við klausturgarð. Greina má sex vistarverur í rústunum, auk lítillar kapellu og klausturkirkju sem báðar voru hluti af klausturbyggingunni sjálfri og brunnur var í klausturgarðinum miðjum. Steinunn Kristjánsdóttir telur að grunnform klausturbyggingarinnar hafi líkst því sem önnur evrópsk klaustur höfðu, en þau samanstóðu af ferningslaga þyrpingu vistarvera sem allar gegndu ákveðnum hlutverkum og voru byggðar ásamt klausturkirkju kringum klausturgarð. Útveggir bygginganna mynduðu þannig lokað umhverfi og skildu klaustrið frá hinum veraldlega heimi.³⁵

Fornleifarannsókn á Kirkjubæjarklaustri hófst árið 2002 og stóð til ársins 2006. Aðeins um 140m² stór hluti norðausturhorns klaustursins var rannsakaður en Bjarni F. Einarsson og Kristján Mímisson telja að klaustrið hafi verið byggt að erlendri fyrirmynd utan um klausturgarð. Samanburður við minjar á Skriðu renni enn frekar stoðum undir þessa ályktun en minjarnar eru hins vegar afar illa varðveittar svo ekki reyndist mögulegt að segja til um form þeirra.³⁶ Upplýsingar frá Kirkjubæjarklaustri eru því að

³³ Horskjær, Erik, *Kloster*, Kulturhistorisk leksikon, dálkur 531.

³⁴ Hofrén, Erik, *Kloster*, Kulturhistorisk leksikon, dálkur 539-540.

³⁵ Steinunn Kristjánsdóttir, Fornleifauppgröftur á Skriðuklaustri, bls. 26-27.

³⁶ Kristján Mímisson, „Ora et Labora“, bls. 48.

litlu leyti gagnlegar nema frekari uppgröftur fari þar fram. Uppgrefti á Skriðuklaustri er ekki lokið og þess vegna er byggingarform klaustursins ekki alveg ljóst. Fyrstu vísbendingar benda þó til þess að það hafi verið byggt eftir sama grunnformi og klaustur víða annars staðar á Norðurlöndum. Þá er líklegt að starfsemi þess hafi verið svipuð vegna þessara tengsla við erlendu klaustrin.

Á Íslandi hefur hospitalrýmið líklegast verið í klaustrinu sjálfu en ekki sér bygging fyrir utan það. Samkvæmt áfangaskýrslu Skriðuklausturs 2009 er talið að stórt rými sem þar hefur fundist hafi verið sjúkrasalur. Flest rýmin voru um og yfir 10m² á stærð en þessi meinti sjúkrasalur var sjö sinnum stærri. Þarna er möguleiki á að sjúkir og aðrir gestir hafi getað hafst við og verið þá um leið fjarri vistarverum munkanna.³⁷ Þetta rými er í stærra lagi og athyglisvert að það hafi átt að vera sjúkrasalur með ekki fleiri munka en raun var. Það hefur kannski frekar verið notað sem svefnsalur próventufólks og annarra gesta en undarlegt væri að láta mjög veikt fólk sofa með þeim. Þar af leiðandi gæti minna herbergi sem áður var talið vera sjúkrarými verið raunhæfari kostur.

3.4 Lækningar í klaustrum annars staðar á Norðurlöndum

Hvers konar lækningastarfsemi fór fram í klaustrum á Norðurlöndunum? Var svipuð starfsemi á Íslandi? Elstu spítalar á Norðurlöndum eru taldir vera frá seinni hluta elleftu aldar og þeir voru allir í tengslum við klausturreglur, eins og annars staðar í Evrópu. Þeir störfuðu með ólíkum hætti og voru fyrir mismunandi hópa. Sumir voru nokkurs konar aðgerðastaðir en flestir voru líknarheimili. Meirihluti þeirra var fyrir höfðingja og fjölskyldur þeirra en þeir voru yfirleitt í auðugustu klaustrunum.³⁸ Þetta á vel við hérna á Íslandi þar sem efnafólk fór í próventu og fékk umönnun þegar það var orðið hrumt og ófært um að hugsa um sjálft sig. Þetta styður einnig þá hugmynd að klaustrin hafi frekar verið líknarheimili en eiginleg sjúkrahús og það er ekkert sem bendir til þess að starfsemi íslensku klaustranna hafi verið ólík þeirri sem var erlendis.

Benedikt stofnaði reglu sína á sjöttu öld e.Kr. á Ítalíu og fyrsta klaustrinu var komið á fót þar 529. Boðorð hans var að biðja og vinna (*Ora et Labora*) en auk þess

³⁷ Vef. Áfangaskýrsla Skriðuklaustur 2009, bls. 17.

³⁸ Jón Ólafur Ísberg, Læknisfræði miðalda, bls. 131.

voru þrjú klausturheit, *hlýðni, skírlífi og fátækt*.³⁹ Benedikt lagði mikla áherslu á að reglan drægi sig frá umheiminum og helgaði sig samskiptum við Guð en fylgjendur hans fóru smám saman að kenna, boða guðspjöllin og gera aðrar kirkjulegar umbætur sem leiddi til þess að á 10. og 11. öld var Benediktsreglan komin á kaf í veraldleg efni. Benediktarklaustur áttu stórar jarðeignir, ráku bestu skólana í Evrópu og unnu náið með veraldlegu valdi sem varðaði málefni ríkisins.⁴⁰ Benediktsmunkar vildu vera sjálfum sér nægir um alla matvöru og notuðust við mikið úr jurtaríkinu. Þar af leiðandi var mikil ræktun á matjurtum og korni á klaustrunum. Einnig var mikilvægur þáttur í starfsemi þeirra að líkna sjúkum og fátækum en það gerðu þeir m.a. með því að gefa þeim mat og húsaskjól. Til að veita skjólstæðingum sínum lágmarksumönnun hafa þeir ræktað lækningarjurtir sem voru notaðar í líknarstarfi þeirra.⁴¹

Benediktínar voru fyrsta munkreglan til að setja upp *hospital* en aðrar klausturreglur fylgdu fljótlega í kjölfarið. Í hverju klaustri var þrenns konar fyrirkomulag fyrir *hospital*, eitt var fyrir munka og nunnur, annað fyrir leikbræður og leiksysstur og þriðja fyrir vegfarendur, pílgríma og heimilislausu einstaklinga. Á stórum, ríkum klaustum gat *hospitalið* verið sérbygging en yfirleitt var það herbergi eða rými í klaustrinu sjálfu. *Hospital* fyrir vegfarendur gat líka verið gestahús í rými klaustursins sem var þá kallað *azylum*. *Hospitalinu* var stjórnað af lærðum leikbróður sem kallaðist *infirmarius*. Þær meðferðir sem voru í boði, fyrir utan neyðarskurðlækningar og blóðtökur, voru heilnæmar, næringafræðilegar lyflækningar og læknislyf sem virkuðu úthreinsandi fyrir líkamann (svitameðferð, uppköst, hæðgalosun), voru róandi og verkja- og hitastillandi.⁴²

Samkvæmt grein í *Kulturhistorisk leksikon* merkir *hospital* sérstakt rými eða bygging þar sem sjúkir gátu legið og fengið hjúkrun á miðöldum og var það aðallega í klaustum á landsbyggðinni. En eftir 1223 voru fjölmörg klaustur komin í nálægð við þorp og bæi. Frá Svíþjóð eru aðallega til heimildir um spítala fyrir holdsveika. En í tveimur stærstum stiftum Svíþjóðar voru starfræktir tveir spítalar. Í Linköping voru þeir í Visby og Kalmar en hinn síðarnefndi var líklegast fyrir holdsveika en samt var ekki mikið um þá í landinu. Klaustur á landsbyggðinni í Svíþjóð voru aðeins 17 talsins og

³⁹ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm*, bls. 242.

⁴⁰ Bennett, Judith M., Hollister, C. Warren, *Medieval Europe*, bls. 195.

⁴¹ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm*, bls. 135-136.

⁴² Møller-Christensen, V., *Hospital*, Kulturhistorisk leksikon, dálkur 677-679.

heimildir um starfsemi þeirra sem spítala eru litlar. Skriflegar heimildir um starfsemi sjúkrastofnunar í Kalmar eru óskýrar og geta valdið misskilning við lestur þeirra. Aðeins eru heimildir um tvo prestaspítala í Svíþjóð fyrir sjúka og aldna presta.⁴³

Í Noregi er einnig skortur á heimildum og þær finnast ekki sem segja til um að þar hafi verið starfrækt sérstakt *hospitser*, tilbúið herbergi eða rými í klaustri ætlað fyrir umhyggju sjúkra. Klaustrin hafa þó hjúkrað þeim sem leituðu til þeirra og þá sérstaklega þau sem störfuðu eftir *helligánds*reglunni, spítalaregla sem var stofnuð á síðari hluta 12. aldar í Suður-Frakklandi⁴⁴ og þeir sem voru *jóhannítar* (spítalabræður). Umönnun sjúkra var aðalatriði hjá þeim og hafa án efa spítalar verið starfræktir í klaustrum þeirra. Aðrir spítalar voru stofnaðir af kónginum eða efnuðum aðalsmönnum sem höfðu stuðning hans til verksins. Klaustrin voru þá undir klerkavaldi og mjög tengd kirkjunni. Í Noregi voru um 20 spítalar við siðaskiptin og skiptust þeir í þrjá flokka; fátækra manna spítala, venjulega spítala og spítala fyrir holdsveika. Mörkin voru þó ekki alltaf skýr þar sem sjúklingar voru oft bæði fátækir og sjúkir.⁴⁵ Það er því ekki víst hversu hátt hlutfall þessara spítala var í klaustrum. Skortur á heimildum gerir það erfitt að bera saman starfsemi klaustra í Noregi við klaustrin á Íslandi.

Í grein Þorkels Jóhannessonar og Óttars Kjartanssonar bera þeir Þykkvabæjarklaustur saman við klaustrið í Æbelholti í Danmörku. Það var af reglu Ágústínusar en hefur örugglega verið þó nokkru stærra. Þar voru allt að 25 munkar í klaustrinu en algengt var að í hverju ágústínarklaustri væru 13 kanokar. Árið 1403 voru þeir einmitt 13 í Þykkvabæjarklaustri og voru þá hvergi fleiri í klaustri hér á landi nema á nunnuklaustrinu á Kirkjubæ, en þá voru þar 14 nunnur. Í klaustrinu í Æbelholti var spítali ætlaður kanokunum en þannig fengu þeir góða lækni-meðferð frá meðbræðrum sínum. Ýmis seyði voru notuð til þess að losa hægðir, deyfa verki eða framkalla svefn. Þar að auki voru blóðtökur tíðkaðar og munkarnir stunduðu handlækningar og fengust við beinbrot og sármeðferð. Því til stuðnings er allnokkur fjöldi lækningaverkfæra sem fundist hefur við uppgröft í Æbelholti. Ekki er ljóst hversu mikil lækningastarfsemi fór þar fram í þágu almennings en eflaust hafa þeir veitt skjólstæðingum sínum

⁴³ Ljung, Sven, *Hospital*, Kulturhistorisk leksikon, dálkur 684-687.

⁴⁴ Gallén, Jarl, *Helgeandsorden*, Kulturhistorisk leksikon, dálkur 312-313.

⁴⁵ Gundersen, Dag, *Hospital*, Kulturhistorisk leksikon, dálkur 687-88.

lágmarksumönnun, eins og klausturfólki bar. Þorkell og Óttar telja því að klaustrið hafi verið einhvers konar lækningamiðstöð á Norður-Sjálandi þar sem það var.⁴⁶

En voru þessi klaustur vistheimili með aðhlyningu eða fóru þar fram eiginlegar lækningar? Því getur verið erfitt að svara en í sumum stærri og ríkari klaustum, hefur eflaust verið betri aðstaða og mannskapur til að sinna lækningum, samanber klaustrið í Æbelholt sem var það stærsta á Norðurlöndunum. Einnig má hafa í huga að þau klaustur sem höfðu sérstaka byggingu fyrir sjúka hafi mögulega beitt meira fyrir sér í lækningum og meðhöndlun sjúklinga heldur en minni klaustur. Þau hafi þá frekar sinnt lágmarksumönnun og líknað skjólstæðingum sínum heldur en stundað þar eiginlegar lækningar. Það á kannski við um klaustrin á Íslandi sem voru ekki það stór í sniðum og skorti oft mannskap til að halda uppi fullri starfsemi.

3.5. Lækningastarfsemi í öðrum klaustum á Íslandi

3.5.1. Benediktsklaustrin Fimm klaustur á Íslandi fylgdu reglu heilags Benedikts frá Núrú síu en eitt þeirra í Hítardal (st. 1155) var skammlíft. Með því að skoða heimildir um Benediktsklaustrin er ef til vill hægt að finna vísbendingar um lækningastarfsemi. Mest er búið að rita um nunnuklaustrin tvö en einnig hefur farið fram fornleifarannsókn á Kirkjubæjarklaustri.

Gunnar Karlsson nefnir í bók sinni *Lífsbjörg Íslendinga* að auk korns sé laukur nánast eina matjurtin sem finnst nefnd í íslenskum miðaldaheimildum og að líklega hafi hann fremur verið ætlaður til lækninga en næringar. Laukur var mikilvæg lækningajurt á miðöldum en hann var ekki einungis tengdur munklífi og lækningum heldur tengist hann líka þeim sem gátu flutt hann inn og ræktað sem var þá t.d. efnafólk. Í Laxdæla sögu kemur laukagarður fram þegar Guðrún Ósvífursdóttir vill ræða við syni sína í laukagarði sínum á Helgafelli. Guðrún P. Helgadóttir stingur upp á að höfundur hafi notast við laukagarð af því hann hafi vitað að það væri laukagarður á Helgafelli en þar var starfrækt munkaklaustur síðan á síðari hluta 12. aldar. Guðrún hefur kannað heimildir um laukagarða og bendir á að 18. aldar höfundurinn Björn Halldórsson segi að villilaukur vaxi á Bæ í Borgarfirði og hafi flust þaðan víðar um Vesturland. Ingólfur Davíðsson grasfræðingur fann líka þennan lauk í túninu á Bæ sem

⁴⁶ Þorkell Jóhannesson, „Hugað að klaustrinu“, bls. 16-17.

gæti staðfest tilvist laukagarðs í fornöld. Hvorki Ingólfur né Guðrún tengja laukinn við munklífi en borgfirski fræðimaðurinn Björn J. Blöndal hefur rakið hann til þess að enskur trúboðabiskup dvaldist á Bæ í 19 ár á fyrri hluta 11. aldar, hafði þar vísi að klaustri og skildi eftir þrjá munka þegar hann fór úr landi. Það er því ekki ólíklegt að laukurinn hafi komið frá honum. Heimildir eru um laukagarð á biskupssetrinu á Hólum á síðmiðöldum og má því telja að laukur hafi breiðst út um landið.⁴⁷

Í próventubrэфum tengdum Þingeyrarklaustri sem varða 10 einstaklinga koma fram hefðbundnar óskir um framfærslu á staðnum og ekki er ólíklegt að próventufólk hafi verið fleira á klausturtímanum og þurft á umönnun að halda þegar á leið. Ekki er getið lækninga í próventubrэфunum.⁴⁸ Munkar urðu að heita því að dveljast ævilangt í klaustrinu, halda klaustursiði og hlýða yfirboðurum. Mikil bókmenntaiðja var á Þingeyrarklaustri en engar heimildir eru til um lækningastarfsemi á klaustrinu né hefur farið þar fram fornleifauppgröftur. Bræðurnir hafa þó eflaust líknað próventufólki sínu og öðrum skjólstaðingum.

Munkaþverárklaustur í Eyjafirði hefur heldur ekki verið kannað með fornleifauppgræfti. Guðrún Harðardóttur hefur skrifað ritgerð um klaustrið þar sem kemur fram að klaustrið hafi borið þess merki að vera á alþjóðlegum grunni byggt og það getur verið merki þess að bræðurnir hafi haft erlend klaustur sem fyrirmynd.⁴⁹ Þar af leiðandi hafa þeir sennilega líknað sjúkum þar sem klaustur erlendis voru þekkt fyrir það. Próventubrэф eru einnig varðveitt frá Munkaþverá en engar heimildir eru um lækningastarfsemi þar.

Eitt heildstæðasta verk um klaustrin er bókin *Allt hafði annan róm áður í páfadóm* eftir Önnu Sigurðardóttur sem fjallar um nunnuklaustur. Þar er mikill fróðleikur um sögu kvenna og kirkju hér á landi sem byggist á upplýsingum úr fornbrэфum og annálum. Abbadísir veittu klaustrunum forstöðu og var starfsemi þeirra margvísleg. Þær þurftu að gera samninga varðandi jarðeignir, kennslu og próventu. Þær stunduðu einnig hannyrðir, útskurð og jafnvel handritagerð. Andlegt hlutverk þeirra var mikilvægast en þær veittu skjólstaðingum sínum huggun og umhyggju.⁵⁰ Nunnuklaustur hafa verið þekkt fyrir að vera athvarf þeirra sem voru hjálparþurfi en

⁴⁷ Gunnar Karlsson, *Lífsbjörg Íslendinga*, bls. 166-167.

⁴⁸ *Íslenskt fornbréfasafn* II, bls. 269-270.

⁴⁹ Guðrún Harðardóttir, „Nokkrar kynslóðir kirkna“, bls. 36.

⁵⁰ Inga Huld Hákonardóttir, *Í nunnuklaustri*, bls. 226.

fáar heimildir eru um slíka fyrirgreiðslu hér á landi fyrir utan próventufólkið og varðveitt bréf tengt því. Engin próventubríf hafa varðveist frá Kirkjubæjarklaustri en nokkur frá nunnuklaustrinu á Reynistað. Ekki er getið lækninga í þeim bréfum.

Þekking á lækningajurtum og aðferðir við að gera úr þeim lyf og smyrsl var mikilvægur þáttur í nunnuklaustri og mögulegt er að systurnar hafi sjálfar búið til lyf og smyrsl úr grösom. Þær gætu einnig hafa lært það af mæðrum og ömmum sínum eins og ungsysturnar lærðu það af eldri systurum og abbadísinni. Systurnar hafa nýtt þekkingu sína til að líkna próventufólki, sjúku og deyjandi.⁵¹ Engar mannlegar leifar voru grafnar upp eða aðrar vísbendingar sem gætu bent til að lækningar hafi farið þarna fram. Vonandi verður í framtíðinni hægt að rannsaka Kirkjubæjarklaustur betur og grafa upp fleiri minjar.

3.5.2. Ágústínusarklaustrin Skriðuklaustur var af reglu Ágústínusar eins og fjögur önnur klaustur á Íslandi. Þykkvabæjarklaustur var fyrsta klaustrið á Íslandi af þessari reglu. Vegna skorts á heimildum er ómögulegt að segja hvort að Þykkvabæjarklaustur hafi verið lækningamiðstöð, eins og sú sem var í Æbelholti. Engin próventubríf hafa varðveist og enginn uppgröftur farið fram. Klaustrið í Æbelholti hafði líka meiri mannskap til að sinna sjúkum en í svarta dauða á fyrri hluta 15. aldar (1402-1404) lést helmingur munkanna á Þykkvabæ og þegar Gissur Einarsson varð biskup (1543) voru þar einungis þrír bræður auk ábóta.⁵² Þeir hafa því ekki náð fyrri fjölda og það hefur haft áhrif á getu þeirra til lækninga á skjólstaðingum sínum.

Um Helgafellsklaustur hefur Hermann Pálsson skrifað bók þar sem hann fer ítarlega yfir sögu staðarins. Helgafellsklaustur var aldrei fjölmennt. Árið 1350 skrifuðu þrír bræður undir skjal ásamt ábótanum, en þeir gætu hins vegar hafa verið fulltrúar fyrir heildina. Flestir eru þeir um 1493 en þá skrifar ábóti og tíu bræður með honum undir próventusamning. Um 1540 eru þeir fjórir talsins og síðan þrír auk ábóta. 1550 eru síðan einungis tveir bræður eftir.⁵³ Þeim virðist því hafa fækkað nokkuð um miðja 16. öld en þarna gætu áhrif plágunnar síðari (1494-1495) verið að verki en einnig urðu siðskipti í Skálholtsbiskupdæmi ekki síðar en 1541 og líklega ekki nein endurnýjun

⁵¹ Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm*, bls. 254.

⁵² Magnús Jónsson, „Áhrif klaustranna á Íslandi“, bls. 283.

⁵³ Hermann Pálsson, *Helgafell*, bls. 128.

kanoka eftir það. Flest próventubríf hafa varðveist frá Helgafellsklaustri eða um 13 talsins. Nokkur þeirra sýna fram á að menn hafi viljað gefa klaustrinu veglegar gjafir sér til sáluhjálpar.⁵⁴ Einnig er möguleiki að þeir hafi viljað tryggja sér legstað á klaustrinu þó að það komi ekki fram í bréfunum. Hermann nefnir að auk þess sem bræðurnir hafi sinnt andlegum og kirkjulegum skyldustörfum, svo sem bænahaldi og messusöng, þá hafi þeir ef til vill unnið að búskap á staðnum og hlynnt að öldruðu próventufólki. Hann nefnir einnig að í mörgum klaustrum af þessari reglu voru spítalar þar sem bræður veittu sjúkum lækningu og aðhlyningu. Hermann segir að ekki séu heimildir um neina slíka starfsemi á Helgafelli.⁵⁵

Saga Möðruvallaklausturs einkennist helst af átökum milli Hólabiskupsstóls og klaustursins. Jörundur biskup á Hólum stofnaði klaustrið 1295/6, lagði mikið fé til þess og lét smíða þar kirkju. Árið 1316 brann klaustrið og kirkjan og með því mikil verðmæti.⁵⁶ Bræðurnir voru ekki margir og á fyrri hluta 15. aldar eru fáir annálaðir atburðir tengdir klaustrinu og fá bréf til að styðjast við. Plágan fyrri hefur án efa haft hér áhrif og 1421 brann kirkjan á Möðruvöllum aftur.⁵⁷ Ekki er getið lækninga eða spítala og má efast um að klaustrið hafi haft næga burði til að sinna þessu sviði að nokkru marki. Próventusamningar gefa ekki vísbendingu um lækningastarfsemi.

Viðeyjarklaustur er seinast til umfjöllunar en þar fór fram fornleifarannsókn 1987-1989. Í þeim heimildum sem enn eru varðveittar eru talin þessi hús, kirkjan, ábótastofa, klausturstofa, klausturbaðstofa og konventuhús auk lítils húss fyrir framan kirkjuna. Klausturbræður voru aldrei fleiri en fimm og svo voru þar námssveinar og próventufólk.⁵⁸ Þrjú próventubríf hafa varðveist frá árunum 1457, 1518 og 1525.⁵⁹ Um 100 kristnar grafir fundust við uppgröft á svæðinu en í norðvesturhorni uppgraftarsvæðisins lágu grafir mjög þétt og virtust margir hafa fengið greftrun þar á sama tíma eða með stuttu millibili. Það gæti hafa verið vegna plágnanna sem gengu yfir 1409 og 1495 en þá þurfti að grafa hina látnu sem fyrst.⁶⁰

⁵⁴ *Íslenskt fornbréfasafn* VIII, bls. 220 og 275.

⁵⁵ Hermann Pálsson, *Helgafell*, bls. 132.

⁵⁶ Janus Jónsson, „Um klaustrin á Íslandi“, bls. 256.

⁵⁷ *Vef. Jónas Guðlaugsson*, „Möðruvallaklaustur“, bls. 680 og 692.

⁵⁸ Árni Óla, *Viðeyjarklaustur*, bls. 46

⁵⁹ *Íslenskt fornbréfasafn* V, bls. 156, VIII bls. 657, IX bls. 276.

⁶⁰ Margrét Hallgrímsdóttir, *Viðey*, bls. 3-6.

Þarna voru einnig grafir frá 18. og 19. öld en þau bein voru vel varðveitt og mátti greina ýmsa sjúkdóma á beinunum eins og sull, berkla og sárasótt. Óvíst er þó um sjúkdómseinkenni á beinagrindum sem tilheyra klausturtímanum. Eitthvað fannst af sjaldgæfum frjókornum sem gætu bent til jurta sem hafa verið notaðar til lækninga og Margrét Hallgrímsdóttir telur að í Viðeyjarklaustri hafi verið starfræktur spítali á klausturtíma. Starfsemi hans er þó ekki ljós með tilliti til skipulagðra lækninga en eftir siðaskiptin var einhvers konar spítali í formi vistheimilis starfræktur á klausturbænum en síðan var hann fluttur í Gufunes árið 1752 og var þá að mestu leyti spítali fyrir holdsveika.⁶¹ Heimildir frá klaustrinu eru því óljósar en benda þó til að líknarstarfsemi hafi farið þar fram að einhverju marki.

Litlar upplýsingar koma því fram með því að skoða önnur klaustur á Íslandi. Heimildir um flest þeirra eru af skornum skammti og fornleifarannsóknum er ábótavant. Það er helst á Viðeyjarklaustri sem hægt er að fullyrða að líknarstarfsemi fari fram á miðöldum en eflaust hefur einhver hjúkrun farið fram á klaustrunum, þó mismikil. Fámenni á klaustrunum hefur haft mikil áhrif og heft starf munka og nunna til lækninga.

4.

Presta- og holdsveikraspítalar á Íslandi

4.1 Elliheimili á 14. öld

Voru aðrar stofnanir á miðöldum sem gátu talist til spítala? Samkvæmt annálum stofnuðu Árni biskup Helgason og lögmaðurinn Haukur Erlendsson spítala eða vistheimili fyrir presta í Gaulverjabæ í Flóa árið 1308. Um 12 árum seinna stofnaði Lárentíus Kálfsson biskup á Hólum spítala á Kvíabekk í Ólafsfirði fyrir presta sem gátu ekki vegna aldurs eða sjúkleika stundað starf sitt lengur. Sá spítali var svipaður þeim í Flóa.⁶² Þegar Lárentíus stofnaði prestapítalann að Kvíabekk lagði hann til jarðir, kvikfé og annað góss. Staðsetningin var talin góð vegna nálægðar við fiskfeng og skipaði hann ungan prest til ráðsmanns sem hafði verið munkur að Munkaþverá. Honum fannst ómögulegt að prestar væru reknir á húsgang eða fengju litla hjálp frá kirkjunni þegar

⁶¹ Margrét Hallgrímsdóttir, *Húsakostur Viðeyjarklausturs*, bls. 151-153.

⁶² Magnús Már Lárusson, *Hospital*, Kulturhistorisk leksikon, dálkar 692-693.

þeir gátu ekki unnið lengur.⁶³ Heimildir um prestaspítalana eru mjög rýrar en að öllum líkindum hafa þessir spítalar verið líkari elli- og líknarheimilum en sjúkrahúsum með markvissa lækningastarfsemi. Þeir voru því fyrstu eiginlegu elliheimilin á Íslandi.

4.2 Hæli fyrir holdsveika

Fyrstu spítalarnir sem reistir voru í Evrópu voru holdsveikraspítalar og árið 460 höfðu slíkir spítalar þegar verið settir á stofn í Frakklandi. Í Englandi og Skotlandi voru ekki færri en 220 holdsveikraspítalar á tólftu öld og um 1226 voru þeir um 2000 í Frakklandi, að sögn. Holdsveikraspítalar voru ekki reistir til að lækninga heldur til að útskúfa holdsveikum úr samfélaginu en það sýna kirkjulög frá árinu 1179. Holdsveiki var einn hræðilegasti sjúkdómur sem hrjáði Evrópubúa á 10. til 14. öld, en um 1400 hvarf hann næstum í Evrópu. Holdsveikin hvarf þó ekki alveg og hún hélst við á sumum stöðum og átti eftir að verða útbreidd, t.d. á Íslandi.⁶⁴

Meðferð holdsveikra á miðöldum var slæm og t.d. í Skotlandi tíðkaðist að brenna holdsveikar konur og börn þeirra. Ýmis læknisráð voru notuð á miðöldum við holdsveiki og var sjúklingum ráðlagt að drekka mjólk, borða pipar, smárablöð, fílatennur og slöngur. Sérstakt mataræði, blóðtaka og ýmis smyrsl voru notuð. Einnig var til vinsælt lyf samsett af soðnum, niðurskornum höggormi og blaðlauk en ekki er hægt að fullyrða hvort þessi læknisráð voru notuð hér á landi.⁶⁵ Ekkert er vitað um það hvenær holdsveiki barst til Íslands en elsta skjalið sem vitað er um þar sem fjallað er um holdsveiki á Íslandi er bréf Jóhannesar páfa XXIII skrifað 24. júlí 1413.⁶⁶

Fyrsti holdsveikraspítalinn á Íslandi tók til starfa árið 1653 að Möðrufelli í Eyjafirði. Síðan komu Klausturhólaspítalinn og spítalinn á Hörgslandi á Síðu árið 1654. Hallbjarnar-eyrarspítalinn rak lestina og var settur á stofn árið 1655. Erla Dóris Halldórsdóttir tekur fram að ekki var hér um að ræða spítala í þeirri merkingu sem nú er lögð í orðið heldur voru þeir eingöngu athvarf fyrir umkomulausa, holdsveika ómaga.⁶⁷ Holdsveikraspítalarnir höfðu starfað í nær heila öld þegar fyrst var gefin út reglugerð um starfsemi þeirra en það gerðist 27. maí árið 1746 þegar Kristján VI konungur gaf út „tilskipan um hospítölin á Íslandi“. Í þessari tilskipun kom fram að

⁶³ *Laurentius saga*, bls. 105.

⁶⁴ Erla Dóris Halldórsdóttir, *Holdsveiki á Íslandi*, bls. 29-30.

⁶⁵ Sama heimild, bls. 37.

⁶⁶ Sama heimild, bls. 43.

⁶⁷ Sama heimild, bls. 47.

sjúklingarnir ættu að fá fatnað og næringu. Spítalarnir áttu að vera lausir við leka og hinir sjúku varðir fyrir frosti og kulda. Vinnufólkið átti að umgangast þá sjúku með hógværð og gefa þeim af elskusemi sinni en þeir áttu einnig að fá að hlusta á guðsorð.⁶⁸

Holdsvæikraspítalar á Íslandi voru hæli en ekki sjúkrahús með markvissa lækningastarfsemi. Þar fengu sjúklingarnir umönnun en líklega var hún ekki mjög góð framan af, þar sem ekki var vitað hvernig sjúkdómurinn smitaðist á milli manna. Án efa hafa einhverjir sjúklingar með holdsveiki verið á Íslandi á 15. og 16. öld en hversu margir og hvernig var hugsað um þá er óvíst. Þar sem Skriðuklaustur var stofnað árið 1493 er möguleiki að þessir sjúklingar hafi leitað þangað.

5. Niðurstöður

Rannsóknir á Skriðuklaustri benda til þess að þar hafi farið fram líknun sjúkra og sárra. Þar hafa fundist lækningaáhöld og frjókornagreiningar sýna að þar voru þekktar lækningajurtir ræktaðar, eins og græðisúra og laukur. Heimildir um lauka á miðöldum eru ekki margar en hann hefur engu að síður náð að dreifa sér um landið eftir að innflutningur hófst. Beinagrindur úr 70 gröfum sem tilheyra klausturtíma hafa einkenni sjúkdóma og áverka og er hlutfall þeirra hátt miðað við aðra kirkjugarða frá miðöldum. Ekki er þó hægt að fullyrða hversu mikla umönnun þessir einstaklingar fengu frá munkunum eða öðrum starfsmönnum klaustursins.

Jarðeignir Skriðuklaustur gefa ekki miklar upplýsingar varðandi lækningastarfsemi og engin próventubríf hafa varðveist frá klaustrinu. Án efa hefur klaustrið þó tekið við próventufólki og umkomulausum. Hlutfall beinagrinda ungs fólks í kirkjugarðinum gæti gefið vísbendingu um að borgað hafi verið með þeim til klaustursins í staðinn fyrir umönnun og er ekki ólíklegt að það hafi verið gert á fyrstu 30 starfsárum klaustursins þegar starfsemin var í mestum blóma. Þá fékk klaustrið flestar jarðir fyrir tilstuðlan fyrstu tveggja príoranna. Jarðeignasöfnun Skriðuklausturs bendir til að auðvelt hafi verið fyrir munka að safna jarðeignum til ágóða, a.m.k. undir vissum

⁶⁸ Erla Dóris Halldórsdóttir, *Holdsvæiki á Íslandi*, bls. 52-53.

kringumstæðum, svo sem á Skriðuklaustri frá árinu 1493 til um 1525. Hverjar þessar kringumstæður voru er ókunnugt.

Skriðuklaustur var líklega frekar vistheimili en sjúkrahús með markvissa lækningastarfsemi. Heimildir eru um fáa munka á klausturtímanum og erfitt er að styðjast eingöngu við fornleifar. Starfsemi klaustursins hefur án efa falið í sér líkn sjúkra, að veita lágmarksumönnun og sinna andlegri velferð. Klaustrinu bar að taka við öllum gestum og veita þeim húsaskjól og mat. Veraldlegir starfsmenn hafa að öllum líkindum aðstoðað við umönnun skjólstæðinga en ekki gert mikið meira en það. Engar ritaðar heimildir eru til um lækningastarfsemi á Skriðuklaustri og því þarf að hafa varann á við túlkun fornleifa.

Með því að rannsaka starfsemi og byggingarform klaustra annars staðar á Norðurlöndunum er möguleiki á að gera samanburð við klaustrin á Íslandi. Ljóst er að Íslendingar fóru utan og þá sérstaklega til Noregs. Þær rústir sem varðveist hafa erlendis benda til þess að íslensku klaustrin hafi fylgt sama byggingarformi. Það verður þó ekki að fullu ljóst fyrr en uppgrefti líkur á Skriðuklaustri og einnig t.d. á Kirkjubæjar-klaustri. Klausturbyggingarnar fylgja hefðbundnu ferhyrningslaga formi með klausturgarði í miðjunni. Lækningastarfsemi þessara klaustra hefur í sumum tilfellum verið svipuð þeirri á Íslandi en telja má öruggt að munkar á stórum klaustrum, eins og í Æbelholti, hafi beitt sér meira fyrir lækningum og hjúkrun en þeir sem voru á minni klaustrum. Ekki eru heimildir um sérstakar byggingar utan við klaustrið undir lækningastarfsemi eða munka- og nunnureglur sem einbeittu sér að líknun sjúkra á Íslandi, eins og annars staðar á Norðurlöndum. Smá klaustur hafa líklega veitt lágmarksumönnun og líknað sjúkum og sárum eins og líknarheimili en það hefur eflaust verið hlutverk íslensku klaustranna.

Önnur klaustur á Ísland gefa ekki miklar vísbendingar um að þar hafi farið fram markviss lækningastarfsemi. Engar heimildir eru um lækningar á benediktsklaustrunum á Þingeyrum og á Munkaþverá. Hins vegar hafa varðveist frá þeim próventubríf og þar hefur því líknun sjúkra farið fram. Um nunnuklaustrin er svipaða sögu að segja en engin próventubríf hafa varðveist frá Kirkjubæ en nokkur frá Reynistað. Uppgröftur á Kirkjubæjarklaustri hefur heldur ekki veitt vísbendingar um lækningastarfsemi en hafa verður í huga að mjög lítið svæði var grafið upp. Þörf er á frekari rannsóknum þar.

Ágústínaklaustrin voru með svipaða starfsemi og benediktsklaustrin og frá þeim eru ekki margar heimildir um lækningar nema ef til vill í Viðeyjarklaustri. Þar hefur farið fram uppgröftur sem leiddi í ljós leifar af klausturbyggingum og beinagrindur, með einkenni sjúkdóma, frá klausturtíma. Frjókornagreiningar hafa líka leitt í ljós mögulega ræktun lækningaplantna. Frá Viðeyjarklaustri hafa varðveist þrjú próventubríf en þar hafa aldrei verið fleiri en fimm klausturbræður, eftir því sem séð verður. Frá Þykkvabæjarklaustri hafa engin próventubríf varðveist né hefur farið þar fram uppgröftur svo að lítið er hægt að vita um lækningastarfsemi þar.

Á Helgafellsklaustri var mögulega laukagarður sem gæti bent til að lækningar hafi verið stundaðar og þar hafa varðveist flest próventubríf. En engar aðrar heimildir benda til lækningastarfsemi. Heimildir um lækningar á Möðruvallaklaustri eru engar en tvö próventubríf tengjast staðnum. Prestaspítalar á 14. öld voru, líkt og klaustrin, líknarheimili en ólíklegt er að lækningar hafi farið þar fram. Þeir voru fyrstu elliheimilin á Íslandi en hafa veitt sjúkum og hrumum prestum lágmarksumönnun.

Ekki er hægt að líkja holdsveikraspítulum á 17. öld við klaustrin. Þeir voru frekar eins og hæli eða geymslustaður fyrir ólánsamt fólk sem sett var í einangrun vegna sjúkdóms síns. Klaustrin hafa án efa boðið upp á meiri viðmótsþýðu þar sem þeir sjúku fengu betri umönnun. Á miðöldum var umönnun holdsveikra slæm þar sem ekki var vitað hvernig sjúkdómurinn barst á milli manna. Menn hræðast það sem þeir skilja ekki og það hefur ekki verið fyrr en á seinni tímum að unnt hefur reynst að lækna holdsveika.

Erfitt er að fá heildstæða mynd af lækningastarfsemi íslensku klaustranna vegna heimildaskorts en af þeim heimildum sem liggja fyrir má telja líklegt að þau hafi verið í anda vistheimila frekar heldur en sjúkrahúss með markvissa lækningastarfsemi. Þetta gæti þó hafa verið mismunandi eftir klaustum og sum þeirra verið betur í stakk búin til lækninga en önnur. Það sama átti við um erlendu klaustrin en stærð þeirra hefur eflaust skipt máli varðandi hversu mikil lækningastarfsemi fór þar fram. Verkkunnátta og fræðileg þekking var mikilvæg en var á færi fárra og þess vegna skipti máli fjöldi munka og nunna í klaustri. Fáliðað klaustur gat ekki sinnt lækningum á markvissan hátt með öllum öðrum störfum sem þurfti að sinna. Íslensku klaustrin veittu án efa lágmarksumönnun og líknuðu skjólstæðingum sínum líkamlega og andlega. Líklega

hefur það skipt klausturfólkið meira máli að hlúa að andlegu hliðinni en hinni líkamlegu.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir

Lbs.-Hbs. Þórir Stephensen, Próventa í klastrum og á biskupsstólum á Íslandi á miðöldum. MA ritgerð í guðfræði við Háskóla Íslands, 2002.

Vef. Skriðuklaustur áfangaskýrsla 2009. Sótt af vef Steinunnar Kristjánsdóttur um fornleifarannsóknina. <http://notendur.hi.is/sjk/AFS_2009.pdf> 20. mars 2010.

Vef. Jónas Guðlaugsson, „Möðruvallaklaustur“. *Tíminn. Sunnudagsblað.* 29, (1967), bls. 676-687. Sótt af timarit.is 11. apríl 2010.

Prentaðar heimildir

Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfadóm. Nunnuklaustrin tvö á Íslandi á miðöldum og brot úr kristnisögu.* Úr veröld kvenna III. Reykjavík, 1988.

Árni Óla, *Viðeyjarklaustur. Drög að sögu Viðeyjar fram að siðaskiptum.* Akureyri, 1969.

Bennett, Judith M. og Hollister, C. Warren, *Medieval Europe. A short history.* 10. útg. New York, 2006.

Erla Dóris Halldórsdóttir, *Holdsvæki á Íslandi.* Reykjavík, 2001.

Gallén, Jarl, *Helgeandsorden.* Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder, VI. Ritstjórar: Jakob Benediktsson og Magnús Már Lárusson. Reykjavík, 1963, dálkar 312-313.

Guðrún Harðardóttir, „Nokkrar kynslóðir kirkna og klausturhúsa á Munkaþverá“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags.* (1998), bls. 5-42.

Gundersen, Dag, *Hospital, Norge.* Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder, VI. Ritstjórar: Jakob Benediktsson og Magnús Már Lárusson. Reykjavík, 1963, dálkar 687-692.

Gunnar Bjarnason, Húsagerð í Skriðuklaustri á klausturtíma. *Skriðuklaustur, evrópskt miðaldaklaustur í Fljótsdal.* Ritstjórar: Hrafnkell Lárusson og Steinunn Kristjánsdóttir. Reykjavík, 2008.

- Gunnar F. Guðmundsson, *Íslenskt samfélag og Rómarkirkja*. Kristni á Ísland II. Ritstjóri: Hjalti Hugason. Reykjavík, 2000.
- Gunnar Karlsson, „Stofnár Þingeyraklausturs“. *Saga XLVI:1* (2008), bls. 159-67.
- Gunnar Karlsson, *Lífsbjörg Íslendinga frá 10. öld til 16. aldar*. Handbók í íslenski miðaldasögu. III. Reykjavík, 2009.
- Heimir Steinsson, „Jarðir Skriðuklausturs og efnahagur“. *Múlaping. Rit Sögufélags Austurlands*. 1. hefti. (1966), bls. 74-103.
- Hermann Pálsson, *Helgafell. Saga höfuðbóls og klausturs*. Reykjavík, 1967.
- Hofrén, Erik, *Kloster, Sverige*. Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder, VIII. Ritstjórar: Jakob Benediktsson og Magnús Már Lárusson. Reykjavík, 1963, dálkar 539-542.
- Horskjær, Erik, *Kloster, Danmark*. Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder, VIII. Ritstjórar: Jakob Benediktsson og Magnús Már Lárusson. Reykjavík, 1963, dálkar 527-538.
- Inga Huld Hákonardóttir, *Í nunnuklaustri – Kirkjubær og Reynistaður*. Kristni á Íslandi II. Ritstjóri: Hjalti Hugason. Reykjavík, 2000.
- Ingólfur Guðnason, Vísendingar um garðrækt í Skálholti á fyrri öldum. *Frumkvöðull vísinda og mennta. Þórður Þorláksson biskup í Skálholti*. Ritstjóri: Jón Pálsson. Reykjavík, 1998.
- Ingunn Lovísa Ragnarsdóttir, Klausturlíf á Íslandi. *Klaustur á Íslandi. Sýning í Viðeyjarskóla opnuð 12. júní 2000*. Ábm: Þórir Stephensen. Reykjavík, 2000.
- Íslenskt fornbréfasafn II: 1253-1350*. Kaupmannahöfn, 1893.
- Íslenskt fornbréfasafn V: 1330-1476*. Kaupmannahöfn og Reykjavík, 1899-1902.
- Íslenskt fornbréfasafn VIII: 1261-1521*. Reykjavík, 1906-1913.
- Íslenskt fornbréfasafn IX: 1262-1536*. Reykjavík, 1909-1913.
- Janus Jónsson, „Um klaustrin á Íslandi“. *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. 8. árg, (1887), bls. 174-265.
- Jón Jóhannesson, *Íslendinga saga*. I. Þjóðveldisöld. Reykjavík, 1956.
- Jón Ólafur Ísberg, Læknisfræði miðalda, klaustur og spítalar. *Þriðja íslenska sögubíngið 18.-21.maí. Ráðstefnurit*. Ritstjórar: Benedikt Eypórsson og Hrafnkell Lárusson. Reykjavík, 2007.

- Jón Ólafur Ísberg, Lækningar, spítalar og klaustur. *Skriðuklaustur, evrópskt miðaldaklaustur í Fljótsdal*. Ritstjórar: Hrafnkell Lárusson og Steinunn Kristjánsdóttir. Reykjavík, 2008.
- Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson, „Ora et labora“ Efnisveruleiki klausturlífs á Kirkjubæjarklaustri. *Endurfundir. Fornleifarannsóknir styrktar af Kristnihátíðarsjóði 2001-2005*. Ritstjórar: Guðmundur Ólafsson og Steinunn Kristjánsdóttir. Reykjavík, 2009.
- Lange, Bernt C., *Kloster, Norge*. Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder, VIII. Ritstjórar: Jakob Benediktsson og Magnús Már Lárusson. Reykjavík, 1963, dálkar 543-544.
- Laurentius saga*, Byskupasögur. III. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík, 1953.
- Ljung, Sven, *Hospital, Sverige*. Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder, VI. Ritstjórar: Jakob Benediktsson og Magnús Már Lárusson. Reykjavík, 1963, dálkar 683-687.
- Magnús Jónsson, „Áhrif klaustranna á Íslandi“. *Skírnir* 88 (1914), bls. 283-298.
- Magnús Már Lárusson, *Hospital, Island*. Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder, VI. Ritstjórar: Jakob Benediktsson og Magnús Már Lárusson. Reykjavík, 1963, dálkar 692-693.
- Magnús Stefánsson, *Kirkjuvald eflist*. Saga Íslands II. Ritstjóri: Sigurður Líndal. Björn Teitsson þýddi. Reykjavík, 1975.
- Margrét Hallgrímsdóttir, *Viðey*. *Fornleifarannsóknir 1988-89*. Rittröð Árbæjarsafns I. Reykjavík, 1989.
- Margrét Hallgrímsdóttir, *Húsakostur Viðeyjarklausturs*. *Um byggð í Viðey fram á 18. öld*. Cand. Mag. ritgerð í sagnfræði. Reykjavík, 1993.
- Møller-Christensen, V., *Hospital, alm. og Danmark*. Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder, VI. Ritstjórar: Jakob Benediktsson og Magnús Már Lárusson. Reykjavík, 1963, dálkar 677-681.
- Samson Bjarnar Harðarson, Klausturgarðar á Íslandi. *Skriðuklaustur, evrópskt miðaldaklaustur í Fljótsdal*. Ritstjórar: Hrafnkell Lárusson og Steinunn Kristjánsdóttir. Reykjavík, 2008.
- Steinunn Kristjánsdóttir, „Út yfir gröf og dauða. Um hjúkrun og lækningar í miðaldaklaustrinu á Skriðu í Fljótsdal“. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*. 85:6 (2009), bls. 8-14.

Steinunn Kristjánsdóttir, Fornleifauppgröftur á Skriðuklaustri – markmið og framgangur. *Skriðuklaustur, evrópskt miðaldaklaustur í Fljótsdal*. Ritstjórar: Hrafnkell Lárusson og Steinunn Kristjánsdóttir. Reykjavík, 2008.

Vilborg Auður Ísleifsdóttir, Samfélagshlutverk Skriðuklausturs. *Skriðuklaustur, evrópskt miðaldaklaustur í Fljótsdal*. Ritstjórar: Hrafnkell Lárusson og Steinunn Kristjánsdóttir. Reykjavík, 2008.

Vilmundur Jónsson, *Lækningar og saga. Tíu ritgerðir*. I. Reykjavík, 1969.

Þorkell Jóhannesson og Óttar Kjartansson, „Hugað að klaustrinu í Þykkvabæ í Álftaveri“. *Skjöldur* 16:3 (2007) bls. 12-20.

Þorláks saga byskups, Byskupasögur I. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík, 1953.